



24. janúar 2025  
Tilv.: 2412092

Dreifibréf nr.: 6/2025

Til: Fjármálafyrirtækja og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

**Efni:** Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2023/08) um samanburð á framkvæmd starfshátta er varða fjölbreytileika, þar á meðal stefnum og jafnlaunakerfi

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um samanburð á framkvæmd starfshátta er varða fjölbreytileika, þ.m.t. stefnur og jafnlaunakerfi á grundvelli tilskipunar 2013/36/ESB (CRD IV) og tilskipunar 2019/2034/ESB (IFD).<sup>1</sup> Ákvæði CRD IV hafa verið innleidd í lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161//2002 en IFD hefur ekki verið innleidd hér á landi. Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsstjórnvöldum, fjármálafyrirtækjum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. lög um fjármálafyrirtæki og verðbréfafyrirtækjum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2033 (IFR), sem ekki hefur verið innleidd hér á landi. Markmið viðmiðunarreglnanna er að tryggja samræmda eftirlitsframkvæmd í Evrópu.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar gagnasöfnun EBA um meðal annars fjölbreytileika og samsetningu stjórnar og framkvæmdastjórnar á grundvelli 10. og 11. mgr. 91. gr. CRD IV, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og jafnlaunakerfi skv. 75. gr. CRD IV, sbr. 57. gr. f. laga um fjármálafyrirtæki. Viðmiðunarreglurnar útfæra einnig 26. gr. og 34. gr. tilskipunar IFD, sem stefnt er að því að innleiða hér á landi á árinu.

Viðmiðunarreglurnar innihalda leiðbeiningar til eftirlitsstjórnvalda um val á úrtaki til þess að taka þátt í gagnasöfnun EBA og hvernig gagnasöfnuninni skuli háttað. Þá eru settar fram ítarlegar leiðbeiningar um skil á gögnum. Gagnasöfnun samkvæmt viðmiðunarreglunum fer fram á þriggja ára fresti en þá eiga þau fjármálafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki sem hafa verið valin sem úrtak að skila gögnunum til eftirlitsstjórnvalda miðað við stöðu í lok síðasta almanaksárs.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til fjármálafyrirtækja og verðbréfafyrirtækja að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur EBA og taka mið af þeim í starfsemi sinni þannig að tryggt sé að þau séu í stakk búin að veita upplýsingar sem varða meðal annars fjölbreytileika, jafnlaunakerfi og samsetningu stjórnar og framkvæmdastjórnar til fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mun upplýsa þá aðila hverju sinni sem útnefndir verða til að taka þátt í gagnasöfnuninni fyrir 30. janúar á því ári sem gagnasöfnun fer fram.

---

<sup>1</sup> Guidelines on benchmarking of diversity practises, including diversity policies and gender pay gap under Directive 2013/36/EU and Directive 2019/2034/EU; [EBA/GL2023/08](#)

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir  
forstöðumaður  
varúðareftirlit

